



UMSÖGN

Viðtakandi: Nefndasvið Alþingis

Sendandi: Reykjavíkurborg

Drög að skýrslu um aðgerðaáætlun lýðheilsustefnu, mál nr.70/2023

Reykjavíkurborg samþykkti lýðheilsustefnu sem gildir til ársins 2030 og er aðgerðaráætlun samþykkt til tveggja ára í senn. Áherslur lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar voru meðal annars unnar út frá heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna til ársins 2030, Lýðheilsustefnu velferðarráðuneytisins, Heilsueflandi samfélagi Embættis landlæknis og Sex þemum Kaupmannahafnarsamkomulagsins hjá WHO Healthy Cities.

Í aðgerðaráætlun sem hér er til umsagnar er lítið fjallað um umhverfislega þætti sem hafa þó mikil áhrif á lýðheilsu fólks. Með því að efla markvisst tækifæri til virkra samgöngumáta bætum við heilsu og loftgæði. Það er hvatning til hreyfingar og heilsueflandi athafna ásamt því að draga úr svifryki og útblæstri tengdri umferð bíla, sem er ein helsta ógnin við heilsu fólks. Að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með betri samgöngum, vali á mat og orkunotkun getur leitt til bættrar heilsu, einkum með minni loftmengun. Með bættum loftgæðum er dregið úr langvinnum sjúkdómum og ótímabærum dauðsföllum af völdum loftmengunar. Heilnæmt umhverfi er undirstaða lýðheilsu. Verndun lífríkis, vatns- og umhverfisgæða stuðlar að vistvænni og mannvænni aðlögun að loftslagsbreytingum og þannig sköpum við skilyrði fyrir því að komandi kynslóðir geti búið í umhverfi sem fólki og lífríki stendur ekki ógn af.

Í aðgerð 3 þar sem fjallað er um sáttmála um bættu lýðheilsu er bent á mikilvægi þess að skilgreina betur hvað átt er við með jafnrétti og jöfnuði. Mikilvægt er að virkja markvisst þátttöku allra á eigin forsendum í samfélaginu og gera þeim kleift til þess að hafa áhrif á samfélagið. Aðgengi að upplýsingum og heilsulæsi þarf að miða að öllum hópum og þá sérstaklega fólks í viðkvæmri stöðu. Tryggja þarf samráð og notendamiðaða nálgun í tengslum við jaðarsetta hópa og skýra þarf aðgerðir sem miða sérstaklega að þeim.

Við ítrekum jafnframt mikilvægi þátttöku hagsmunaaðila þ.m.t. sveitarfélög og stofnanir en þátttaka hagsmunaaðila er lykilþáttur í lýðheilsuaðgerðum þegar aðgerðir skýrast.

Harpa Þorsteinsdóttir

Verkefnastjóri lýðheilsamála

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara